

Um heimspekikennsluflipa

Við skipulagningu á vef félagsins, Heimspekitorg, var gert ráð fyrir strax í upphafi að þar yrði að finna efni sem tengdist hugmyndafræði heimspekikennslu. En ákjósanlegt þótti að til væru undirstöðutextar um þetta efni á heimasíðu félagsins.

Ég (Einar G. Kvaran) tók í upphafi að mér að hafa umsjón með innihaldi flipans um heimspekikennslu á Heimspekitorginu. Vitað var að vinnan við hann yrði tímafrek, þar sem stefnt var að því að grunntextar um heimspekikennslu yrðu samdir sérstaklega fyrir hann. Fljótlega kom upp sú hugmynd að Heimspekitorg (Félag heimspekikennara) myndi styrkja þann sem tæki þessa vinnu að sér með 50.000 króna fjárframlagi.

Eftir að hafa hugsað talsvert um hvernig væri best að vinna verkið komst ég að þeirri niðurstöðu að yrði líklega heppilegt að gera það í samvinnu við annan aðila. Meðal annars vegna þess að hugmyndafræði heimspekikennslu er viðfeðm og samstarf gæfi kost á að ræða málin og forgangsraða .

Útfrá því sem ég hafði kynnt mér af skrifum um svipuð efni og áttu að fá umfjöllun á Heimspekitorgi, auk fleiri þátta, t.d. meðmæla, ákvað ég að hafa samband við Elsu Haraldsdóttur síðastliðið haust og bjóða henni að taka þátt í verkinu, sem hún þáði.

Með haustinu var farið yfir efnislega þætti og unnið að uppbyggingu textans og eftir áramót fór textavinnan af stað. Þann 9. febrúar var skrifað undir samning þess efnis að bæði Elsu og mér yrði greiddur styrkur, 50 þúsund fyrir hvort okkar, sem yrði þá greitt í verklok. Elsa tók að sér að skrifa texta um almenn einkenni heimspekikennslu og heimspekikennslu á Íslandi en ég tók að mér að skrifa um heimspekikennslu á ólíkum skólastigum út frá skýrslu UNESCO, *Philosophy school of freedom*. Hugmyndavinna textanna er að talsverðu leyti unnin í sameiningu, þ.e. efnistöð og uppbygging. Auk þess ritrynum við og prófarkalesum texta hvors annars. Þetta breytir þó ekki því að við erum, sem einstaklingar, höfundar og ábyrgðarmenn þeirra texta sem við tókum að okkur að skrifa fyrir Heimspekitorg. Ég er því ekki meðhöfundur af efninu sem Elsa skrifar eða hún að mínu.

Á vef félagsins er nú að finna kaflann um „Almenn einkenni heimspekikennslu“, sem Elsa skrifaði, og kaflinn hennar um heimspekikennslu á Íslandi er tilbúinn og verður einnig færður inn fljótlega. Fyrsti kaflinn um heimspeki á skólastigum útfrá UNESCO skýrslunni mun birtast á næstunni, en þar er meginviðfangsefnið heimspeki með börnum. Við Elsa munum nú á næstunni reyna að fá fund með ritstjórninni til að afgreiða endanlega hvernig textar frá okkur eigi að birtast á Heimspekitorginu.